

Hagsmunasamtök heimilanna

Hver er lærdómurinn af hruninu fyrir heimilin?

Ritari ágríps: Matthildur Sigurgeirsdóttir

Þáttakendur í pallborðsumræðu:

Theódóra Þorsteinsdóttir, Vilhjálmur Bjarnason, Ragnar Þór Ingólfsson, Jóhannes Gunnarsson

Neytendavernd á fjármálamarkaði og afleiðingar hrunsins fá lítinn hljómgrunn!

Sigurður Sigurbjörnsson, fundarstjóri og varaformaður HH byrjaði á því að kynna viðburðinn og þáttakendur pallborðsumræðna. Takmarkaðar umræður hafa farið fram í samfélaginu um afleiðingar hrunsins á heimilin og hve margir hafi misst eigur sínar og heimili. Tölur frá sýslumannsembættunum benda til þess að stór hópur fólks hafi misst eigur sínar sem bein afleiðing stökkbreyttra lána. Vilhjálmur Bjarnason, formaður HH kynnti stuttlega baráttu samtakanna í neytendavernd á fjármálamarkaði. Hann kynnti síðan fljótlega Theódóru Þorsteinsdóttur til leiks en hún hefur barist af krafti fyrir sínum rétti í dómskerfinu.

Theódóra Þorsteinsdóttir tók til máls og kynnti sína reynslu. Hún benti á að þessi baráttu væri ekki fyrir alla enda á brattan að sækja. Tali sínu véc hún síðan að því hve **fámennt væri á þessum viðburði og hve áhugalaust fólk væri en fjöldi fólks væri þó í þeirri stöðu að hafa misst eignir í hruninu**. Umræðurnar snerust því að þessu áhugaleysi fólks og stjórnámálanna á afleiðingum hrunsins á heimilin og hvaða lærdóm megi draga af hruninu.

Jóhannes Gunnarsson, hjá Neytendasamtökunum bendi á hve margt væri ábátavant á þessum vettvangi fyrir neytendur. **Neytendavernd á þessu sviði fær engan hljómgrunn**, sagði hann. Fundarstjóri spurði þá Jóhannes hvað hann teldi að Neytendasamtökin hafi lært af hruninu. Þá talaði Jóhannes um að hann hefði viljað að samtökin hefðu verið í stakk búin til þess að sinna þessu betur, en hefðu þó ekki gert nóg og að það sé virðingarvert hvernig HH hafi haldið uppi sinni baráttu í sjálfböðastarfi. Spurning kom út úr sal frá Guðrúnu Harðardóttur, þar sem hún spurði hvort hann hefði áhuga á samvinnu við HH. Hann tók vel í þá tillögu og taldi vera grundvöll fyrir samstarfi.

Talið barst síðar að úrskurðanefndum innan Neytendasamtakanna og hvernig þær starfa. Þær hafi því miður ekki nýst nægilega vel fyrir neytendur að mati Jóhannesar. Vilhjálmur Bjarnason endaði síðan að segja frá hlut neytenda í ýmsum ráðum og nefndum alþingis. Enginn neytandi eða fulltrúi þeirra á sæti í nefndum eða ráðum á alþingi, í nefndum og ráðum alþingið hafi hins vegar verið 36 fulltrúar fjármálafyrirtækja þegar hann lagði fyrirspurn fyrir. Þetta varpi að hans mati, ljósi á vandann fyrir neytendur.

Þátttakendur voru sammála um að fjármálafyrirtækin hafi töglin og haldirnar á þessum vettvangi!!